

Hrunamannahreppur
Akurgerði 6
845 Flúðir

Reykjavík, 8. nóvember 2023
UST202310-268/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016- 2032 og nýtt deiliskipulag - Brúarhlöð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 - 2032 vegna þjónustusvæðis við Brúarhlöð.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gangi út á að skilgreina 4 ha. verslunar- og þjónustusvæði fyrir gistingu, veitingar, bílastæði og gönguleiðir um svæðið. Minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur. Heildar- byggingarmagn getur verið allt að 500 m². Auk þess segir að unnið verði deiliskipulag fyrir móttöku ferðamanna sem tekur til bílastæðis, göngustíga, útsýnis- og áningarstaða og þjónustuhús þar sem verður m.a. veitingasala, gisting, upplýsingar og snyrtiaðstaða.

Forsendur og ferðamenn

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga. Einnig er mikilvægt að skilgreina þolmörk svæðisins og áætla þann fjölda sem svæðið getur borið.

Innviðir og áhrif á verndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að með mikilli uppbyggingu innviða geta mannvirki valdið raski, skert upplifun gesta og þar af leiðandi rýrt verndargildi svæði. Því er mikilvægt að stilla uppbyggingu innviða í hóf og fara varlega í efnistöku innan svæðisins.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að hugað sé að uppbyggingu og lagfæringu á stígum á svæðinu sem er á náttúruminjaskrá, þar sem verndargildi svæðisins er landslag og ásýnd.

Umhverfisstofnun tekur auk þess undir mikilvægi þess að settir séu skilmálar í deiliskipulag að valin verði sú útfærsla á göngustígum og staðsetning áningarstaða, þjónustubyggingar og bílastæða sem rýri ekki verndargildi svæðisins.

Auk þess leggur Umhverfisstofnun til að ekki séu gerðir nýir áningarstaðir og gönguleiðir á óröskuðum svæðum nema góð rök séu fyrir þeim og lögð sé áhersla á vernd og endurheimt og að lagfæra þá stíga sem fyrir eru.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur